

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

740. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 5. mars 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf íprótta-og tómsfundafulltrúa.
3. Ársskýrsla íprótta-og tómsfundafulltrúa.
4. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga.
5. Ársskýrsla og ársreikningur Veidifélags Víðidalsár fyrir árið 2011.
6. Bréf Orkustofnunar.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkþætti sem í gangi eru hjá sveitarfélaginu s.s. viðhald í dælustöð hitaveitu á Laugarbakka, viðgerð á dráttarvél, viðhald í Reykjaskóla, viðhald í íbúðum aldraðra, rætt um vefmyndavélar ofl.
2. Lagt fram bréf íprótta-og tómsfundafulltrúa dags. 1. mars s.l. tillaga um fyrirkomulag við skipan 5 fulltrúa og 5 varamanna í ungmennaráð Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu.
3. Lögð fram til kynningar ársskýrsla íprótta-og tómsfundafulltrúa fyrir árið 2011.
4. Lagt fram til kynningar bréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dags 27. febrúar s.l. auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.
5. Lögð fram til kynningar ársreikningur og ársskýrsla Veidifélags Víðidalsár fyrir árið 2011.
6. Lagt fram bréf Orkustofnunar frá 28. febrúar s.l. staða nýtingarleyfa á köldu vatni hjá vatnsveitum sveitarfélaga. Forstöðumanni tæknideildar falið að svara erindinu. Samþykkt að taka á dagskrá.
7. Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra árið 2012. Gjaldskránni vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
8. Lögð fram drög að samningi við Urðun ehf. um sorphirðu fyrir Húnaþing vestra. Samningsdrögunum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
9. Lögð fram tillaga til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi. Tillögunni vísað til umsagnar sveitarstjórnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:10

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Guðrún Ragnarsdóttir,

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson